



## Framkvæmd fjárlaga árið 2014

Maí 2015

# Efnisyfirlit

<b>NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR .....</b>	<b>3</b>
<b>1 INNGANGUR .....</b>	<b>5</b>
<b>2 AFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS .....</b>	<b>6</b>
<b>3 TEKJUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS.....</b>	<b>7</b>
<b>4 GJÖLD A-HLUTA RÍKISSJÓÐS.....</b>	<b>9</b>
<b>5 SJÓÐSTREYMI A-HLUTA RÍKISSJÓÐS.....</b>	<b>13</b>
<b>VIÐAUKI 1: SKÝRINGAR Á HUGTÖKUM .....</b>	<b>14</b>
<b>VIÐAUKI 2: GJALDALIÐIR FJÁRLAGA .....</b>	<b>17</b>

# Niðurstöður og ábendingar

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á tímabilinu janúar–desember 2014 var jákvæð um 36,3 ma.kr. Í fjárlögum ársins var aftur á móti gert ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 11,7 ma.kr.

**Greiðsluafkoman mun betri en búist var við**

Innheimtar tekjur voru áætlaðar 592,7 ma.kr. í fjárlögum en þær urðu í reynd 73,1 ma.kr. hærrí. Skýrist það bæði af meiri skatttekjum og rekstrartekjum en áætlað hafði verið.

Greidd gjöld á árinu voru áætluð 604,4 ma.kr. í fjárlögum en urðu í reynd 25,1 ma.kr. hærrí skv. greiðsluuppgjöri ársins. Breytingar urðu á útgjöldum einstakra fjárlagaliða ýmist til hækkunar eða lækkunar, en stærsta einstaka breytingin er vegna herra framlags til niðurfærslu á húsnæðisskuldum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Framlagið var að stærstum hluta ógreitt í árslok 2014.

**Greidd gjöld 25,1 ma.kr. meiri en skv. fjárlögum**

Fjárheimildir fjárlaga námu samtals 604,4 ma.kr. en voru hækkaðar um 25,1 ma.kr. (4,2%) með fjárukalögum. Fjárheimildir hækkuðu einnig um 18,7 ma.kr. (3,1%) vegna fluttra inneigna (ónýttara fjárheimilda) frá árinu á undan en lækkuðu um 5,8 ma.kr. (1,0%) vegna skulda (umframgjalda) fyrra árs. Loks var fjárheimildum einstakra liða breytt með millifærslum innan ársins, s.s. vegna launabóta, án þess að það hafi áhrif á heildarfjárheimild ársins. Samtals hækkuðu fjárheimildir vegna ársins 2014 um 38,0 ma.kr. eða 6,3% frá fjárlögum.

**Fjárheimildir hækkuðu í heild um 6,3% miðað við fjárlög**

Greidd gjöld vegna 252 fjárlagaliða eða 65% voru undir fjárheimild um samtals 25,9 ma.kr. Greidd gjöld vegna 138 fjárlagaliða eða 35% fóru fram úr fjárheimild um samtals 13,5 ma.kr.

Gjöld flestra fjárlagaliða má áætla í byrjun árs með góðri vissu þannig að haga megi rekstri þeirra í samræmi við fjárlög. Oft er hægt að bregðast við óvæntum og ófyrirséðum útgjaldatefnum með því að draga úr kostnaði á öðrum sviðum. Fjárukalögum er ætlað að mæta kostnaði vegna ófyrirséðra atvika, kjarasamninga eða nýrrar löggjafar sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Af þessu leiðir að sjaldan er hægt að færa réttmætar ástæður fyrir því að forstöðumenn stofni til útgjalda umfram fjárheimildir fjárlaga og fjárukalaga. Slík umframgjöld ættu með réttu að leiða til viðurlaga gagnvart viðkomandi forstöðumönnum í samræmi við lög. Ríkisendurskoðun er þó ekki kunnugt um að slíkum viðurlögum hafi verið beitt gagnvart þeim sem stofnuðu til útgjalda umfram heimildir á árinu 2014.

**Sjaldan hægt að færa réttmætar ástæður fyrir gjöldum umfram heimildir**

## Ábendingar til ráðuneyta og fjárlaganefndar

1. Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri ábendingar sínar um að ráðuneyti þurfi að bregðast við með fullnægjandi hætti þegar sýnt þykir að forstöðumenn stofnana nái ekki að haga rekstri þeirra innan fjárheimilda. Beita þarf viðurlögum láti forstöðumenn ekki segjast.
2. Bæta þarf áætlanagerð fjárlaga vegna ýmissa fjárlagaliða, m.a. liða með lög- eða samningsbundnum útgjöldum sem ekki verður breytt með skömmum fyrirvara, í stað þess að fella sjálfkrafa niður stöðu slíkra liða með lokafjárlögum. Óskiptri fjárheimild á sérstökum fjárlagalið sem ætlaður er til að mæta ófyrirséðum útgjöldum ríkissjóðs má ráðstafa til slíkra umframgjalda þannig að þau leiði ekki til þess að útgjöld verði umfram fjárheimild ársins.
3. Við afgreiðslu fjárlaga ætti ekki að ganga út frá forsendum um samdrátt gjalda og hækkun á gjaldskráum nema raunverulega sé ætlunin að hringa slíkum ráðstöfunum í framkvæmd. Þá er heldur ekki eðlilegt að ójafnaður halli fyrra árs vegna umframgjalda sé sjálfkrafa látinn koma til skerðingar á fjárheimild næsta fjárlagaárs nema ætlunin sé að láta viðkomandi stofnun greiða hann upp á því ári og gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að svo megi verða.

# 1 Inngangur

Lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 fela stofnuninni að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðun ber einnig að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákurlaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við. Á grundvelli þessara ákvæða fylgist Ríkisendurskoðun með framkvæmd fjárlaga og fjallar um hana í skýrslum til Alþingis.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd fjárlaga fyrir allt árið 2014. Fjallað er um afkomu A-hluta ríkissjóðs, frávik í tekjum og gjöldum á árinu og sjóðshreyfingar. Í júní 2014 gaf stofnunin út skýrslu þar sem fjallað var um ársáætlanir stofnana og stöðu fjárlagaliða í lok maí það ár. Hins vegar var ekki gefin út sérstök skýrsla um stöðu fjárheimilda í lok þriðja ársfjórðungs.

Tekið skal fram að upplýsingar í skýrslunni byggja m.a. á mánaðar- og ársfjórðungs-uppgjörum Fjársýslu ríkisins en þau eru sett fram á greiðslugrunni. Greiðsluhreyfingar vegna liða eins og lífeyrisskuldbindinga, fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna o.fl. kunna að reynast aðrar samkvæmt endanlegu uppgjóri þeirra í ríkisreikningi sem settur er fram á rekstrargrunni.<sup>1</sup> Þá getur mismunandi innheimtuhlutfall og greiðslutímabil tekna frá ári til árs haft áhrif á hve miklu munar á tekjum skv. þessum uppgjörum.

---

<sup>1</sup> Munurinn á uppgjóri skv. greiðslugrunni og rekstrargrunni er skýrður í viðauka skýrslunnar.

## 2 Afkoma A-hluta ríkissjóðs

### Greiðsluafkoma ársins var mun betri en skv. fjárlögum

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 2014 voru 665,8 ma.kr. og greidd gjöld 629,5 ma.kr.<sup>2</sup> Greiðsluafgangur á árinu var þannig 36,3 ma.kr. Í fjárlögum 2014 var hins vegar gert ráð fyrir 11,7 ma.kr. greiðsluhalla á árinu og er staðan í árslok því betri um sem nemur 48,0 ma.kr.

Til samanburðar var í fjárlögum áætlað að álagðar tekjur ársins yrðu 613,1 ma.kr., að stofnað yrði til 612,1 ma.kr. gjalda og að rekstrarafgangur ársins yrði 0,9 ma.kr. Raunútkoma skv. rekstrargrunni mun birtast í ríkisreikningi ársins sem kemur út í júní.

### 2.1 Tekjur, gjöld og afkoma A-hluta ríkissjóðs, janúar–desember 2014

Greiðslugrunnur ma.kr.	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Útkoma fyrra árs
Tekjur	592,7	662,2	665,8	544,3
Gjöld	604,4	642,4	629,5	570,8
Greiðsluafkoma	-11,7	19,8	36,3	-26,6
Hlutfall af tekjum	-1,97%	2,99%	5,45%	-4,89%

Í fjáráskjalögum fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs myndu aukast um 69,5 ma.kr., greidd gjöld hækka um 25,1 ma.kr. og greiðsluafkoma ríkissjóðs því batna um 44,1 ma.kr. Á rekstrargrunni var hins vegar áætlað að tekjur hækkuðu um 72,4 m.kr., gjöld um 30,2 ma.kr. og að rekstrarafkoma batnaði um 42,2 m.kr.

### Greiðsluafkoma ríkissjóðs batnaði á milli ára

Á árinu 2013 var greiðsluafkoma ríkissjóðs neikvæð um 26,6 ma.kr. og er afkomubattinn á milli ára því 62,9 ma.kr. Innheimtar tekjur á árinu 2014 voru 22,3% hærri en á sama tíma árið 2013, en greidd gjöld aftur á móti 10,3% hærri. Samkvæmt þessu stafar afkomubati ríkissjóðs af því að tekjur hækkuðu mun meira en gjöldin. Þess má geta að vísitala neysluverðs hækkaði um 2,0% á milli áráanna 2013 og 2014.

<sup>2</sup> Hluti gjalda sem hér eru sögð greidd á árinu eru ógreidd, þ.e.a.s. stærstur hluti niðurfærslu á húsnæðisskuldum heimila eða um 34,1 ma.kr. sem standa á viðskiptareikningi.

## 3 Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Í töflu 3.1 er sýnd sundurliðun á innheimtum tekjum ríkissjóðs á árinu 2014 og samanburður við áætlun ársins (fjárlög og fjáráukalög) og útkomu síðasta árs. Í heild urðu tekjur ríkissjóðs 73,0 m.kr. eða 12,3% hærrí en áætlað var í fjárlögum. Þá eru tekjurnar 121,4 m.kr. eða 22,3% hærrí en árið 2013.

Í fjárlögum var áætlað að innheimtir skattar yrðu 541,3 ma.kr. en þeir urðu í reynd 584,1 ma.kr. eða 7,9% hærrí en áætlun fjárlaga. Útkoman er hins vegar nokkuð mismunandi eftir skatttegundum, en hlutfallslega skiluðu tekjuskattar 23,9% meiri tekjum en skv. fjárlögum. Tekjuskattur einstaklinga, tekjuskattur lögaðila, en hann leggst á hagnað fyrirtækja, og fjármagnstekjuskattur skiluðu umtalsvert meiri tekjum en fjárlög gerðu ráð fyrir. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu hins vegar 0,8% hærrí tekjum, en virðisaukaskattur vegur þar þyngst. Almennir virðast efnahagsforsendur fjárlaga því hafa gengið eftir. Í samanburði við árið á undan hækkuðu innheimtar skatttekjur um 95,0 ma.kr. eða 19,4%.

**Skattar skila meiri tekjum en áætlað var í fjárlögum**

3.1 Tekjur ríkissjóðs, sundurliðun, janúar–desember 2014								
Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Fjáráukalög	Útkoma	Útkoma fyrra árs	Frávik frá fjárlögum		Breyting frá fyrra ári	
Skatttekjur	541,3	31,1	584,1	489,1	42,8	7,9%	95,0	19,4%
Skattar á tekjur og hagnað	174,6	31,8	216,4	170,9	41,8	23,9%	45,5	26,6%
Eignarskattar	16,2	0,8	17,3	15,7	1,1	6,8%	1,6	10,2%
Tryggingagj. og aðrir launask.	77,2	2,0	79,3	75,1	2,1	2,7%	4,2	5,6%
Skattar á vörur og þjónustu	228,7	0,2	229,5	217,7	0,8	0,3%	11,8	5,4%
Aðrir skattar	44,6	-3,7	41,6	9,7	-3,0	-6,7%	31,9	328,9%
Rekstrartekjur	48,8	38,4	79,2	53,5	30,4	62,3%	25,7	48,0%
Vaxtatekjur	18,0	-1,2	15,3	15,5	-2,7	-15,0%	-0,2	-1,3%
Arður	11,9	40,8	44,6	16,2	32,7	274,8%	28,4	175,3%
Veiðigjald	9,8	-1,4	8,9	11,9	-0,9	-9,2%	-3,0	-25,2%
Aðrar rekstrartekjur	9,1	0,2	10,4	9,9	1,3	14,3%	0,5	5,1%
Fjárframlög	1,4		1,1	1,0	-0,3	-21,4%	0,1	10,0%
Sala eigna	1,3		1,4	0,8	0,1	7,7%	0,6	75,0%
<b>Tekjur alls</b>	<b>592,8</b>	<b>69,5</b>	<b>665,8</b>	<b>544,4</b>	<b>73,0</b>	<b>12,3%</b>	<b>121,4</b>	<b>22,3%</b>

Rekstrartekjur ríkissjóðs voru í fjárlögum áætlaðar 48,8 ma.kr. en urðu í reynd 79,2 ma.kr. eða 62,3% hærrí. Munar þar mestu um að arðgreiðslur urðu 32,7 ma.kr. hærrí en skv. fjárlögum, þar af voru 19,6 ma.kr. frá Landsbanka Íslands og 13,0 ma.kr. frá Seðlabankanum. Vaxtatekjur urðu 2,7 ma.kr. eða 15,0% lægri en í fjárlögum. Í heild voru rekstrartekjurnar 25,7 ma.kr. (48,0%) hærrí en árið 2013.

Í krónum talið voru bæði fjárframlög og sala eigna áþekk því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í fjárlögum var ekki gert ráð fyrir sérstakri eignasölu á árinu, s.s. vegna sölu á hlutum ríkisins í bönkum og öðrum fjármálastofnunum.



## 4 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Í töflu 4.1 er sýnd samsetning fjárheimilda ársins 2014 eftir ráðuneytum. Eins og venja er hafa fjárheimildir fjárlaga verið auknar með fjárukalögum og flutningi ónýttra fjárheimilda frá árinu á undan. Fjárheimildir ársins voru hækkaðar um samtals 38,0 ma.kr. frá fjárlögum eða 6,3%.

4.1 Fjárheimildir, janúar–desember 2014						
Greiðslugrunnur m.kr.	Fjárlög	Fjárukalög	Launa- bætur	Milli- færslur	Flutt frá fyrra ári	Fjárheimildir samtals
00 Æðsta stjórn ríkisins	4.134.100	130.000	18.400	-2.621	113.043	4.392.922
01 Forsætisráðuneyti	3.007.400	81.200	16.278	23.561	300.435	3.428.875
02 Mennta- og menningarmálar.	67.160.600	936.500	575.084	-6.573	3.187.132	71.852.743
03 Utanríkisráðuneyti	11.388.900	102.300	9.700	29.122	518.071	12.048.093
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarr.	27.736.900	1.310.600	34.664	69.600	3.146.286	32.298.050
06 Innanríkisráðuneyti	72.301.800	1.936.700	157.640	-41.162	1.433.842	75.788.820
08 Velferðarráðuneyti	258.711.500	-113.000	670.368	44.816	-1.598.651	257.715.033
09 Fjármála- og efnahagsr.	75.025.300	17.653.400	-1.512.064	-121.144	2.851.142	93.896.634
14 Umhverfis- og auðlindar.	9.854.700	99.300	29.930	4.400	2.973.166	12.961.496
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	75.048.000	2.986.000	0	0	0	78.034.000
	<b>604.369.200</b>	<b>25.123.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>12.924.465</b>	<b>642.416.665</b>

Fjárukalög fyrir árið voru samþykkt á Alþingi 15. desember 2014. Með þeim voru fjárheimildir auknar hjá 108 fjárlagaliðum, samtals um 30,5 ma.kr. en fjárheimildir 16 liða lækkaðar, samtals um 5,4 ma.kr. Langstærsta einstaka breyting fjárheimilda var 15,8 ma.kr. viðbótarfjárheimild vegna niðurfærslu á húsnæðisskuldum heimilanna. Í greiðsluuppgjöri ársins voru 35,8 ma.kr. færðar á fjárlagaliðinn vegna þessa en fjárhæðin stóð að stærstum hluta á viðskiptareikningi í lok ársins.

Aðrar stórar breytingar til hækkunar fjárheimilda voru vegna vaxtagjalda ríkissjóðs (2.986 m.kr.), fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir (2.740 m.kr.) og færast sömuleiðis tekna megin<sup>3</sup>, sjúkratrygginga (1.072 m.kr.), Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (750 m.kr.), lífeyrstrygginga (770 m.kr.), endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar (580 m.kr.), framhaldsskóla (435 m.kr.) og framkvæmdasjóðs ferðamannastaða (414 m.kr.). Til lækkunar á fjárheimildum munaði mest um lækkun á fjárheimild vegna Íbúðalánasjóðs (1.500 m.kr.), Atvinnuleysistryggingasjóðs (995 m.kr.), ófyrirséðra útgjalda 743 m.kr.) og vaxtabóta (600 m.kr.).

Ríkisendurskoðun gagnrýnir, líkt og stofnunin hefur ítrekað gert áður, að aukafjárveitingar séu veittar til að mæta fjárhagsvanda sem var fyrirsjáanlegur við

<sup>3</sup> Fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir sjálfst færast bæði til tekna og gjalda, nettóáhrif á afkomu ríkissjóðs eru því engin.

gerð fjárlaga og telur að það sé hvorki í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins né geti talist til marks um góða opinbera fjármálastjórn. Athygli er vakin á að fjárlagalið „09-989 Ófyrirséð útgjöld“ er ætlað að draga úr þörfinni fyrir aukafjárveitingar. Í fjárlögum ársins var 5.000 m.kr. veittar til liðarins en fjárheimildin síðan lækkuð um 743 m.kr. í fjárukalögum sem fyrr segir. Af liðnum var ráðstafað 1.673 m.kr. á aðra fjárlagaliði og stóð þá eftir á honum 2.584 m.kr. greiðsluafgangur í árslok.

Lög um fjárreiður ríkisins kveða á um að ónýttar fjárheimildir í lok árs megi færa til hækkunar á fjárheimildum næsta árs. Með sama hætti færast umframgjöld í lok árs (þ.e. gjöld umfram fjárheimild) til lækkunar á fjárheimild. Í lokafjárlögum hafa slíkar stöður í sumum tilvikum verið felldar niður að hluta eða öllu leyti. Inneignir vegna 203 fjárlagaliða, samtals að fjárhæð 18,7 ma.kr., voru fluttar yfir á árið 2014. Þá voru skuldir vegna umframgjalda á 86 fjárlagaliðum, samtals að fjárhæð 5,8 ma.kr., fluttar á milli ára. Tekið skal fram að óflutt staða fjárheimilda í árslok 2013 hefur ekki ennþá verið felld niður þar sem lokafjárlög vegna ársins 2013 hafa ekki verið afgreidd á Alþingi. Frumvarp til lokafjárlaga 2013 var lagt fram 3. mars 2015 en á skv. lögum um fjárreiður ríkisins að leggja fram samhliða ríkisreikningi ársins.

Í árshlutauppgjöri Fjársýslunnar hafa fjárheimildir á árinu 2014 verið hækkaðar um 1.728 m.kr. vegna frávíka markaðra tekna og um 265 m.kr. vegna frávíka í öðrum rekstrartekjum. Í þessari skýrslu eru frávik markaðara tekna og annarra rekstrartekna frá áætlun fjárlaga hins vegar ekki taldar til gilda fjárheimilda enda ekki ennþá búið að samþykka slíkar breytingar í lokafjárlögum.

### Frávik voru í greiddum gjöldum á mörgum fjárlagaliðum

#### 4.2 Gjöld ríkissjóðs, fjárheimildir og útkoma, janúar–desember 2014

Greiðslugrunnur m.kr.	Fjárheimildir	Útkoma	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Fjöldi undir fjárheimild	Fjöldi yfir fjárheimild
00 Æðsta stjórn ríkisins	4.392.922	4.210.852	215.564	33.493	8	1
01 Forsætisráðuneyti	3.428.875	2.974.558	454.346	30	13	1
02 Mennta- og menningarmálar.	71.852.743	68.979.486	4.250.623	1.377.366	60	30
03 Utanríkisráðuneyti	12.048.093	11.519.597	532.239	3.743	7	1
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarr.	32.298.050	29.580.181	3.144.198	426.329	33	9
06 Innanríkisráðuneyti	75.788.820	77.315.280	1.479.336	3.005.796	28	40
08 Velferðarráðuneyti	257.715.033	258.969.985	5.781.240	7.036.192	57	46
09 Fjármála- og efnahagsr.	93.896.634	88.961.091	6.312.256	1.376.713	26	5
14 Umhverfis- og auðlindar.	12.961.496	10.575.682	2.586.550	200.736	19	5
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	78.034.000	76.935.388	1.098.612	0	1	0
	<b>642.416.665</b>	<b>630.022.099</b>	<b>25.854.965</b>	<b>13.460.398</b>	<b>252</b>	<b>138</b>

### Forstöðumenn og ráðherrar bera ábyrgð á framkvæmd fjárlaga

Tafla 4.2 sýnir samanburð fjárheimilda og gjalda eftir ráðuneytum. Fjárheimildir ársins námu 644,4 ma.kr. en greidd gjöld voru um 630 ma.kr. Fjárlagaliðir með frávikum frá fjárheimild á árinu 2014 voru 390 talsins. Þar af fóru greidd gjöld vegna 138 fjárlagaliða eða 35% fóru fram úr fjárheimild á árinu um samtals 13,5 ma.kr. Hins vegar voru greidd gjöld 252 fjárlagaliða eða 65% undir fjárheimild á sama tíma,

samtals um 25,9 ma.kr. Tafla yfir stöðu allra fjárlagaliða gagnvart fjárheimildum er í viðauka 2.

Forstöðumönnum stofnana ríkisins ber að gæta þess að samræmi sé á milli útgjalda stofnunar og ársáætlunar hennar. Reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, nr. 1061/2004, kveður á um að komi í ljós að heildarútgjöld að frádregnum tekjum séu meira en 4% umfram áætlun stofnunar skuli forstöðumaður tafarlaust skýra stjórn hennar, sé henni til að dreifa, og ráðuneyti frá því hverjar séu ástæður þess og hvernig hann hyggst bregðast við. Jafnframt eiga ráðuneytin að bera saman áætlun og útgjöld stofnana sem undir þau heyra, ekki sjaldnar en þriðja hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld hennar séu meira en 4% umfram áætlun skal ráðuneyti eiga frumkvæði að því að leita skýringa og koma því til leiðar að forstöðumaður grípi til nauðsynlegra aðgerða til að færa útgjöld að heimildum. Á endanum eru það því ráðherrar sem bera ábyrgð á að rekstri stofnana ríkisins sé hagað í samræmi við fjárlög.

Frávik gjalda á fjárlagaliðum miðað við fjárheimildir eru af ýmsum toga. Nokkrir fjárlagaliðir, sem sumir geta vegið þungt í heildarútkomunni, eiga það sammerkt að erfitt hefur reynst að áætla fyrir þeim í fjárlögum og jafnvel einnig í fjárukalögum. Auk þess kann að reynast örðugt að hafa áhrif á kostnað þeirra innan viðkomandi fjárlagaárs. Þetta á til að mynda við um fjárlagaliði þar sem stór hluti útgjalda er lög- eða sammingsbundinn eða ræðst af þáttum sem stjórnvöld hafa ekki stjórn á, í það minnsta ekki til skamms tíma. Dæmi um þetta eru að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins fjármagnskostnaður, gjaldfærslur vegna áunninna lífeyrisskuld- bindinga, bótagreiðslur almannatrygginga, greiðsla skaðabóta, málskostnaðar og aðrar greiðslur sem falla á ríkið skv. dómsúrskurðum, tapaðar kröfur vegna álagðra en ógreiddra skatta, niðurfærsla á eignarhlutum o.s.frv. Ríkissjóði hefur verið talið skylt að gjaldfæra og eftir atvikum inna af hendi greiðslu enda þótt fjárheimild sé ekki til staðar. Fjárheimildastaða margra þessara liða, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð, hefur að jafnaði verið felld niður með lokafjárlögum, í stað þess að láta stöðu þeirra færast yfir áramót. Það þýðir í reynd að fjárlög eru ekki látin stýra útgjöldum þeirra heldur eru fjárlögin eins konar kostnaðarspá. Ríkisendurskoðun telur að skoða þurfi hvort bæta megi áætlanagerð vegna slíkra fjárlagaliða í tengslum við fjárlagagerðina en sumir þeirra hafa ár eftir ár reynst útgjaldameiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Einnig sýnist eðlilegt að mæta óhjákvæmilegum umframkostnaði vegna slíkra liða með milli- færslu fjárheimilda af fjárlagalið vegna ófyrirséðra útgjalda ríkissjóðs og afstýra því þannig að umframgjöld þessara liða leiði til meiri heildarútgjalda ríkissjóðs.

Um langflesta fjárlagaliði gildir þó að mögulegt er að áætla með góðri vissu útgjöld þeirra á árinu og haga rekstri í samræmi við fjárlög. Komi upp óvænt og ófyrirséð útgjaldatílefi eiga stjórnendur viðkomandi stofnana að geta brugðist við með því að draga úr kostnaði á öðrum sviðum. Í sumum tilvikum hafa ráðuneyti einnig möguleika á að nýta fjárheimildir á safnliðum. Loks kveða lög um fjárreiður ríkisins á um að ef ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf valdi því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins, skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjárukalaga. Fjárukalög eru samþykkt það seint á árinu að

**Bæta þarf  
áætlanagerð fyrir  
suma fjárlagaliði**

**Fjárukalög eru  
til að mæta  
óvæntum og  
brýnum  
útgjöldum**

**Sjaldnast eru réttmætar ástæður fyrir umframgjöldum**

mögulegt er að taka tillit til nær allra slíkra útgjalda sem falla til á árinu. Af þessu leiðir að sjaldan er hægt að færa réttmætar ástæður fyrir því að stofnað sé til útgjalda umfram fjárheimildir fjárlaga og fjárukalaga. Slík umframgjöld ættu með réttu að leiða til viðurlaga gagnvart viðkomandi forstöðumönnum í samræmi við lög. Reynslan sýnir hins vegar að margir stjórnendur hjá ríkinu treysta sér ekki í aðgerðir sem fela í sér niðurskurð útgjalda einkum ef þær kalla á uppsagnir starfsmanna. Þá hafa ráðuneyti heldur ekki gengið fast eftir því að gripið væri til ráðstafana til að draga úr kostnaði eða auka tekjur og þannig látið hjá líða að standa við þær ákvarðanir um útgjöld sem Alþingi hefur samþykkt með fjárlögum og fjárukalögum ársins. Í mörgum tilfellum fást þau svör frá viðkomandi ráðuneytum ár eftir ár að verið sé að vinna að lausn mála en á meðan halda stofnanir áfram að stofna til útgjalda umfram fjárheimildir. Umframgjöldin eru ýmist greidd úr ríkissjóði eða stofnað er til skuldar við birgja eða til yfirdráttar á bankareikningum.

**Dæmi eru um stofnanir sem reknar eru með halla árum saman**

Á árinu 2014 eru nokkur dæmi um fjárlagaliði þar sem haldið var áfram að bæta við uppsafnaðan halla fyrri ára. Mikilvægt er að afstýra því að stofnað sé ítrekað til umframútgjalda með þessum hætti og þurfa viðkomandi ráðuneyti að grípa til ráðstafana sem duga til að stöðva slíkan hallarekstur. Í öðrum tilvikum var rekstur ársins í jafnvægi en neikvæð staða í byrjun árs skerti fjárheimild. Ætlast er til þess að slíkur halli sé greiddur upp af fjárveitingum á næsta ári eða í sérstökum tilvikum á lengri tíma enda hafi samkomulag þess efnis verið gert á milli stofnunar, fagráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Í sumum tilvikum hafa viðkomandi stofnanir sýnt viðleitni til að greiða niður skuldina en í öðrum þurfa viðkomandi ráðuneyti að sjá til þess að slík staða sé greidd niður fáist ekki viðbótarfjárveiting til þess að jafna hana.

Loks má nefna að nokkrir fjárlagaliðir eru með útgjöld verulega undir fjárheimildum og voru jafnvel einnig með jákvæða fjárheimildastöðu í byrjun árs. Er hér m.a. um að ræða sjóði og safnliði sem fá reglulegar fjárveitingar úr ríkissjóði en greiðslur úr þeim falla til með óreglulegum hætti. Það heyrir hins vegar til undantekninga að stofnanir búi við það rúmar fjárveitingar að þær nái ekki að fullnýta þær.

Rétt er að ítreka það sem segir í inngangi skýrslunnar að greining frávika byggir á greiðsluhreyfingum. Í ríkisreikningi vegna 2014, sem gefinn verður út í júní, eru gerðar ýmsar uppgjörsfærslur sem yfirleitt koma til með að auka útgjöld ríkissjóðs. Dæmi um slíka liði eru t.d. gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga, afskrift skattkrafna og fjármagnskostnaður. Þá kunna að vera dæmi um að eftir sé að færa upp sértekjur stofnana en þær eru dregnar frá gjöldum áður en þau eru borin saman við fjárheimildir.

## 5 Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs var jákvætt um 85 ma.kr en var skv. áætlun fjárlaga talið verða jákvætt um 1,6 ma.kr. Endurspeglar þetta betri greiðsluafkomu ríkissjóðs á árinu.

Hreinn lánsfjárfnuður var jákvæður um 75,4 ma.kr. en í fjárlögum hafði verið gert ráð fyrir 18,9 ma.kr. neikvæðum lánsfjárfnuði, þ.e. lánsfjárförf.

Greiddar afborganir voru mun hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, þ.e. 168 ma.kr. í stað 89 ma.kr. Þá voru tekin lán að andvirði 182,5 ma.kr. en í fjárlögum var gert ráð fyrir lántökum að andvirði 118,0 ma.kr. Ríkissjóður réðst m.a. í erlenda skuldabréfaútgáfu fyrir 116 ma.kr. (750 m. evra) og ráðstafaði andvirðinu til uppgreiðslu á lánnum sem Norðurlöndin veittu í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Í árslok 2014 var handbært fé ríkissjóðs jákvætt um 89,9 ma.kr. en var til samanburðar neikvætt um 47,4 ma.kr. í árslok 2013.

**Handbært fé frá rekstri og staða þess í árslok er betri en áætlað var í fjárlögum**

### 5.1 Sjóðstreymi ríkissjóðs, janúar–desember 2014

Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Fjáraukalög	Útkoma	Útkoma fyrra árs	Frávik frá fjárlögum	Breyting frá fyrra ári
Greiðsluafkoma	-11,7	42,2	36,3	-26,6	48,0 -410,3%	62,9 -236,5%
Handbært fé frá rekstri	1,6	44,4	85,0	-14,4	83,4 5212,5%	99,4 -690,3%
Hreinn lánsfjárfnuður	-18,9	59,4	75,4	-32,7	94,3 -498,9%	108,1 -330,6%
Greiddar afborganir	-89,0	-77,6	-168,0	-98,1	-79,0 88,8%	-69,9 71,3%
Tekin lán	118,0	66,4	182,5	83,4	64,5 54,7%	99,1 118,8%
Breyting á handbæru fé	10,1	48,2	89,9	-47,4	79,8 790,1%	137,3 -289,7%

# Viðauki 1: Skýringar á hugtökum

**A-hluti ríkissjóðs.** Rekstri á vegum ríkisins er skipt í fimm hluta: A-, B-, C-, D- og E-hluta með tilliti til eðlis starfseminnar, fjármögnunar hennar og ábyrgðar. A-hlutinn er umfangsmestur en til hans heyrir rekstur stofnana ríkisins sem eru að stærstum hluta fjármagnaður af skatttekjum þótt stofnanir geti einnig selt þjónustu og aflað þannig tekna. Til A-hlutans heyra ráðuneyti, ríkisstofnanir, ýmsir styrktarsjóðir og tilfærslur til B- og C-hlutans, sveitarfélaga, einstaklinga, samtaka og atvinnuvega. Ríkissjóður ber ótakmarkaða fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum ríkisstofnana í A-hluta. Efnahagur ríkissjóðs telst einnig til A-hlutans.

**Bundið eigið fé.** Rekstrarafgangur sumra fjárlagaliða sem hafa ríkistekjur, þ.e. markaðar tekjur eða aðrar rekstrartekjur, er að hluta eða öllu leyti færður á svokallað bundið eigið fé í stað höfuðstóls. Nánar tiltekið er almennt um að ræða mismun ríkistekna sem færðar eru í ársreikning viðkomandi fjárlagaliðar og fjárheimilda hans skv. fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum. Sé tekjufærslan umfram fjárheimild er bundið eigið fé jákvætt, en neikvætt ef tekjurnar eru undir fjárheimild. Afkoma fjögurra fjárlagaliða (Atvinnuleysistryggingasjóðs, Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, Ábyrgðasjóðs launa og Fæðingarorlofs) hefur þó verið færð að fullu á bundið eigið fé. Ekki er heimilt að ráðstafa bundnu eigin fé nema skv. ákvæði í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sjá einnig *markaðar tekjur*.

**Fjárheimild (fjárveiting, gjaldaheimild).** Fjárheimild er fjárveiting sem veitt er í fjárlögum til að skuldbinda ríkissjóð á tilteknu ári að viðbættri hugsanlegri viðbótarfjárveitingu í fjáraukalögum og millifærslum af öðrum fjárlagaliðum, s.s. vegna launa- og verðlagsbóta. Fjárheimild tekur einnig tillit til hugsanlegra ónotaðrar fjárheimildar eða halla frá fyrri árum. Yfirleitt felur fjárveiting í sér heimild til að greiða skuldbindinguna á árinu, þ.e. gjaldaheimild. Almennt eru fjárheimildir tilgreindar í 1. gr. fjárlaga og sundurliðun 2 og koma þær þá inn í samtölu fjárlaga, en í sumum tilvikum er einnig veitt heimild til ráðstafana í 6. grein fjárlaga.

**Flutt fjárheimild milli ára.** Lög um fjárreiður ríkisins (nr. 88/1997) heimila, að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra, að ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs séu geymdar til næsta árs (sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna). Með sama hætti er heimilt að draga skuldir fyrra árs (vegna þess að fjárlagaliður fór fram úr fjárheimild á árinu) frá fjárveitingum ársins. Fylgiskjal 1 með frumvarpi til lokafjárlaga hvers árs sýnir þær ónýttu fjárheimildir og umframgjöld sem fjármálaráðuneytið leggur til að flytjist yfir á næsta ár og breyti þar með fjárheimildum þess árs. Eigi hins vegar ekki að auka eða skerða fjárveitingar næsta árs með þessum hætti þarf að leita eftir heimild til þess í

frumvarpi til lokafjárlaga að fella niður afgangsheimildir og umframgjöld. Slíkar niðurfellingar eru tilgreindar í 2. gr. frumvarpsins.

**Greiðslugrunnur (greiðsluuppgjör, sjóðshreyfingar).** Reikningskilaregla sem kveður á um að viðskipti (og skuldbindingar þeim tengdar) skuli aðeins færa þegar greiðsla vegna þeirra fer fram. Uppgjör á greiðslugrunni sýnir tekjur þegar þær innheimtast og gjöld þegar þau eru innt af hendi. Sjá *rekstrargrunnur*.

**Handbært fé frá rekstri.** Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs er mismunurinn á inn- og útgreiðslum sem rekstur ríkissjóðs skilar á tímabilinu. Handbært fé svarar til afkomu ársins þegar tekið hefur verið tillit til tekna og gjalda sem ekki hafa áhrif á sjóðstöðu (s.s. áfallinna en ógreiddra gjalda) og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum (skammtímalíðir eins og birgðir, viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir).

**Höfuðstóll.** Höfuðstóll fjárlagaliða sýnir stöðu þeirra gagnvart fjárheimildum. Ef rekstur ársins skilar jákvæðri niðurstöðu, þ.e. er innan fjárheimilda, hækkar staða höfuðstóls en lækkar ef rekstrarniðurstaðan er neikvæð. Hjá flestum fjárlagaliðum færast höfðustólsstaðan milli ára og hefur áhrif á fjárheimild næsta árs. Á sumum fjárlagaliðum er staðan hins vegar að hluta eða öllu leyti bundin (sjá *bundið eigið fé*) og því ekki til ráðstöfunar til rekstrar viðkomandi stofnunar. Eins er venjan að fella niður með lokafjárlögum höfuðstólsstöðu ýmissa liða fjárlaga sem byggðir eru á áætlunum eða útreikningum, t.d. vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga lífeyrisskuldbindinga, barnabóta, vaxtabóta, afskrifta skattkrafna og vaxtagjalda.

**Lánsfjárfjöfnuður.** Lánsfjárfjöfnuður eru þeir fjármunir sem ríkissjóður hefur til að greiða af lánum. Hann er ýmis jákvæður (lánsfjárafgangur) eða neikvæður (lánsfjárbörf).

**Lokafjárlög.** Ákvæði um lokafjárlög er að finna í 45. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þar segir að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Lokafjárlög eru í þremur greinum. Með fyrstu greininni eru gerðar breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga (sjá *markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur*). Í annarri greininni eru felldar niður afgangsheimildir og gjöld umfram fjárheimild ef ekki á að flytja slíka stöðu yfir á næsta ár. Loks er í þriðju grein lokafjárlaga mælt fyrir um að lögin öðlist þegar gildi og að ríkisreikningur ársins teljist þar með staðfestur.

**Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur.** Markaðar tekjur kallast tekjur af þeim sköttum sem beinlínis er ætlað að standa undir tilteknum útgjöldum. Þannig er til dæmis ákveðið í lögum að mestallar tekjur af sköttum sem lagðir eru á eldsneyti (bensíngjald) renni til vegagerðar. Með sama hætti er kveðið á um í lögum hvernig ráðstafa skuli tekjum af tryggingagjaldi. Til annarra rekstrartekna stofnana teljast lögbundnar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins. Dæmi um þetta eru innritunargjöld skóla, eftirlitsgjöld af ýmsu tagi, tekjur af útgáfu vottorða, leigutekjur o.fl. Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur eru taldar upp í séryfirlitum í fjárlögum. Í lokafjárlögum vegna viðkomandi árs er fjárheimildum einstakra fjárlagaliða breytt til samræmis við uppgjör markaðra tekna og annarra



rekstrartekna, þ.e. fjárheimild er ýmist hækkuð eða lækkuð eftir því hvort slíkar tekjur urðu hærri eða lægri en áætlað var í fjárlögum.

**Rekstrargrunnur (rekstraruppgjör).** Reikningsskilaregla sem kveður á um að viðskipti (og skuldbindingar þeim tengdar) skuli færa þegar þau eiga sér stað en ekki aðeins þegar greiðsla vegna þeirra fer fram. Uppgjör á rekstrargrunni sýnir þannig áfallnar tekjur og gjöld, þ.e. álagðar tekjur þegar þær verða kræfar og skuldbindingar um útgjöld þegar til þeirra er stofnað. Almennt er litið svo á að uppgjör samkvæmt rekstrargrunni gefi fyllri mynd af fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Sjá *greiðslugrunnur*.

**Safnliðir fjárlaga.** Í fjárlögum tíðkast í nokkrum mæli að ráðstafa fé á svokallaða safnliði, þ.e. fjárlagaliði með fjárveitingu sem gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti geti ráðstafað á árinu til hækkunar á fjárheimildum annarra fjárlagaliða sem undir þau heyra, s.s. til að mæta ófyrirséðum útgjöldum, leiðréttu fjárveitingar til stofnana á grundvelli endanlegrar niðurstöðu reiknilíkana o.fl. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga eru taldir upp fjárlagaliðir sem eru með óskipta fjárheimild og hver sé tilgangur þeirra. Þá er í ríkisreikningi hvers árs, séryfirliti 6, sýndar allar millifærslur fjárheimilda milli fjárlagaliða innan ársins.

**Sértekjur stofnana.** Tekjur sem færðar eru í rekstrarreikning einstakra ríkisaðila, þ.e. tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum. Slíkar tekjur færast til lækkunar á gjöldum en eru jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum þeirra og áætlaðar í fjárlögum. Nái stofnun að afla meiri sértekna en fjárlög áætla getur hún aukið útgjöld sem mismuninum nemur. Með sama hætti þarf stofnun að draga saman útgjöld verði sértekjur hennar lægri en áætlað var í fjárlögum.



## Viðauki 2: Gjaldaliðir fjárlaga

Fjárl.nr.	Fjárlagaheiti	Fjárlög	Fjáraukalög	Launabætur	Millifærslur	Flutt frá fyrra ári	Fjárheimild samtals	Reikningur	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Hlutfall af fjárheimild
00101	Embætti forseta Íslands	229.900.000	0	600.000	0	-2.867.606	227.632.394	224.546.169	3.086.225		98,6%
00201	Alþingi	2.669.600.000	0	10.700.000	0	121.488.748	2.801.788.748	2.687.548.884	114.239.864		95,9%
00205	Framkvæmdir á Alþingisreit	40.000.000	0	0	0	-56.489.243	-16.489.243	17.004.095		33.493.338	-103,1%
00212	100 ára afmæli kosningaréttar kvenna	44.000.000	0	0	0	0	44.000.000	43.154.608	845.392		98,1%
00291	Rannsóknarnefndir Alþingis	0	130.000.000	0	0	-9.376.761	120.623.239	119.962.933	660.306		99,5%
00301	Ríkisstjórn	311.200.000	0	2.200.000	-2.620.625	0	310.779.375	279.898.117	30.881.258		90,1%
00401	Hæstiréttur	243.200.000	0	800.000	0	0	244.000.000	211.254.513	32.745.487		86,6%
00610	Umboðsmaður Alþingis	153.700.000	0	1.100.000	0	23.697.356	178.497.356	169.064.077	9.433.279		94,7%
00620	Ríkisendurskoðun	442.500.000	0	3.000.000	0	36.590.338	482.090.338	458.418.216	23.672.122		95,1%
01101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	358.500.000	1.400.000	1.800.000	58.496.185	34.931.421	455.127.606	421.770.281	33.357.325		92,7%
01190	Ýmis verkefni	146.200.000	23.800.000	0	5.765.169	18.681.370	194.446.539	162.589.560	31.856.979		83,6%
01199	Ráðstöfunarfé	2.500.000	0	0	-2.500.000	0	0	0	0		-
01201	Fasteignir forsætisráðuneytis	91.000.000	0	200.000	7.000.000	2.093.517	100.293.517	96.838.343	3.455.174		96,6%
01203	Fasteignir Stjórnarráðsins	15.800.000	0	0	-7.000.000	42.445.902	51.245.902	5.728.988	45.516.914		11,2%
01231	Norræna ráðherranefndin	0	0	0	0	0	0	0			-
01241	Umboðsmaður barna	42.100.000	0	200.000	0	1.111.609	43.411.609	43.441.475		29.866	100,1%
01251	Þjóðmenningarhúsið	0	0	0	0	0	0	0			-
01253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	12.100.000	0	0	0	2.180.815	14.280.815	11.926.257	2.354.558		83,5%
01261	Óbyggðanefnd	73.000.000	0	400.000	0	20.823.027	94.223.027	92.628.870	1.594.157		98,3%
01271	Ríkislögmaður	84.400.000	0	400.000	0	7.210.000	92.010.000	80.013.565	11.996.435		87,0%
01305	Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd	190.000.000	0	0	-190.000.000	0	0	0			-
01311	Þjóðminjasafn Íslands	502.100.000	0	2.300.000	71.000.000	68.767.588	644.167.588	533.015.355	111.152.233		82,7%
01321	Minjastofnun Íslands	128.100.000	0	800.000	60.800.000	14.820.227	204.520.227	172.287.278	32.232.949		84,2%
01322	Fornminjasjóður	31.600.000	0	0	8.000.000	4.846.835	44.446.835	31.636.412	12.810.423		71,2%
01323	Húsafriðunarsjóður	45.100.000	0	0	12.000.000	31.258.756	88.358.756	48.291.217	40.067.539		54,7%
01401	Hagstofa Íslands	934.000.000	50.000.000	9.200.000	0	57.022.665	1.050.222.665	955.286.870	94.935.795		91,0%
01902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	350.900.000	6.000.000	978.280	0	-5.758.389	352.119.891	319.104.015	33.015.876		90,6%
02101	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	798.200.000	1.100.000	4.400.000	30.202.544	30.366.199	864.268.743	836.551.687	27.717.056		96,8%
02199	Ráðstöfunarfé	6.000.000	0	0	-6.000.000	0	0	0			-
02201	Háskóli Íslands	12.451.300.000	215.900.000	117.200.000	61.400.000	1.062.350.265	13.908.150.265	12.800.703.867	1.107.446.398		92,0%
02202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	211.000.000	0	3.194.000	1.362.010	-44.677.292	170.878.718	209.559.993		38.681.275	122,6%
02203	Raunvísindastofnun Háskólans	391.900.000	0	9.024.000	139.784.290	70.166.815	610.875.105	501.017.132	109.857.973		82,0%

Fjárl.nr.	Fjárlagaheiti	Fjárlög	Fjárukalög	Launabætur	Millifærslur	Flutt frá fyrra ári	Fjárheimild samtals	Reikningur	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Hlutfall af fjárheimild
02209	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	309.700.000	0	8.438.300	2.193.858	-27.686.708	292.645.450	312.291.135		19.645.685	106,7%
02210	Háskólinn á Akureyri	1.588.000.000	30.000.000	17.300.000	24.400.000	3.140.014	1.662.840.014	1.669.544.750		6.704.736	100,4%
02216	Landbúnaðarháskóli Íslands	657.200.000	15.000.000	8.500.000	900.000	-421.838.332	259.761.668	696.862.710		437.101.042	268,3%
02217	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	288.600.000	5.000.000	2.500.000	1.300.000	-157.249.202	140.150.798	305.965.367		165.814.569	218,3%
02223	Námsmatsstofnun	150.800.000	0	2.900.000	0	8.233.067	161.933.067	132.334.538	29.598.529		81,7%
02225	Háskólinn á Bifröst	284.000.000	0	2.800.000	3.800.000	0	290.600.000	286.700.000	3.900.000		98,7%
02227	Háskólinn í Reykjavík	2.203.600.000	0	22.100.000	23.575.000	14.500.000	2.263.775.000	2.250.575.000	13.200.000		99,4%
02228	Listaháskóli Íslands	766.300.000	0	7.700.000	500.000	0	774.500.000	773.600.000	900.000		99,9%
02231	Rannsóknamiðstöð Íslands	276.400.000	0	2.800.000	4.400.000	-11.901.919	271.698.081	280.035.918		8.337.837	103,1%
02235	Markætlun á sviði vísinda og tækni	192.500.000	0	0	0	263.576.191	456.076.191	68.870.417	387.205.774		15,1%
02236	Rannsóknasjóður	1.185.000.000	0	0	0	464.869.228	1.649.869.228	1.216.786.496	433.082.732		73,8%
02238	Innviðasjóður	106.000.000	0	0	0	-74.043.660	31.956.340	2.784.918	29.171.422		8,7%
02269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	7.800.000	0	0	0	76.981.011	84.781.011	11.979.195	72.801.816		14,1%
02299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	605.700.000	200.000.000	0	-220.209.858	35.785.771	621.275.913	613.830.896	7.445.017		98,8%
02301	Menntaskólinn í Reykjavík	574.500.000	0	9.536.400	35.080.548	10.673.146	629.790.094	605.914.083	23.876.011		96,2%
02302	Menntaskólinn á Akureyri	563.000.000	0	6.986.600	35.144.491	-26.140.514	578.990.577	609.473.707		30.483.130	105,3%
02303	Menntaskólinn að Laugarvatni	183.500.000	0	1.766.200	7.885.342	15.025.350	208.176.892	195.161.568	13.015.324		93,7%
02304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	854.400.000	0	14.788.000	153.887.698	12.750.983	1.035.826.681	1.017.427.517	18.399.164		98,2%
02305	Menntaskólinn við Sund	509.800.000	0	6.400.000	28.292.268	-14.199.113	530.293.155	561.299.207		31.006.052	105,8%
02306	Menntaskólinn á Ísafirði	287.300.000	0	4.867.600	9.392.956	-2.150.105	299.410.451	296.780.397	2.630.054		99,1%
02307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	321.900.000	0	6.371.000	17.392.605	29.394.988	375.058.593	373.248.369	1.810.224		99,5%
02308	Menntaskólinn í Kópavogi	840.800.000	0	15.800.000	43.930.052	22.705.926	923.235.978	918.946.625	4.289.353		99,5%
02309	Kvennaskólinn í Reykjavík	443.300.000	0	6.950.800	71.219.505	-40.681.504	480.788.801	527.901.384		47.112.583	109,8%
02316	Fasteignir framhaldsskóla	39.900.000	0	100.000	9.700.000	192.757.118	242.457.118	145.740.558	96.716.560		60,1%
02318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	630.600.000	0	0	-24.700.000	462.306.141	1.068.206.141	862.486.093	205.720.048		80,7%
02319	Framhaldsskólar, almennt	1.661.900.000	435.000.000	-7.800.000	-954.286.444	292.984.787	1.427.798.343	948.784.315	479.014.028		66,5%
02320	Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði	230.300.000	0	0	-154.875.000	0	75.425.000	36.000.000	39.425.000		47,7%
02350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.065.500.000	0	14.822.500	17.419.928	-45.912.378	1.051.830.050	1.128.405.092		76.575.042	107,3%
02351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	826.900.000	0	21.455.100	94.643.926	-8.057.295	934.941.731	932.978.535	1.963.196		99,8%
02352	Flensborgarskóli	629.900.000	0	8.336.400	7.030.842	-102.000.084	543.267.158	728.140.584		184.873.426	134,0%
02353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	759.000.000	0	14.485.200	30.984.452	43.905.576	848.375.228	831.685.029	16.690.199		98,0%
02354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	478.800.000	0	11.637.600	12.695.593	-17.028.557	486.104.636	507.411.900		21.307.264	104,4%
02355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	231.900.000	0	2.683.200	5.081.233	-9.591.651	230.072.782	248.739.925		18.667.143	108,1%
02356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	383.700.000	0	8.318.500	28.345.945	13.206.611	433.571.056	441.991.737		8.420.681	101,9%
02357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	829.700.000	0	13.000.000	23.958.622	-12.903.014	853.755.608	903.488.051		49.732.443	105,8%
02358	Verkmenntaskóli Austurlands	261.400.000	0	5.295.000	7.363.197	19.218.108	293.276.305	286.045.035	7.231.270		97,5%
02359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.152.300.000	0	15.949.600	9.740.101	2.439.460	1.180.429.161	1.213.818.522		33.389.361	102,8%
02360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	565.000.000	0	14.439.800	28.533.119	-596.256	607.376.663	608.370.924		994.261	100,2%
02361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	148.900.000	0	3.400.000	8.189.351	-9.491.195	150.998.156	143.839.767	7.158.389		95,3%
02362	Framhaldsskólinn á Húsavík	148.200.000	0	3.400.000	3.218.526	5.673.209	160.491.735	148.886.267	11.605.468		92,8%

Fjárl.nr.	Fjárlagaheiti	Fjárlög	Fjáraukalög	Launabætur	Millifærslur	Flutt frá fyrra ári	Fjárheimild samtals	Reikningur	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Hlutfall af fjárheimild
02363	Framhaldsskólinn á Laugum	204.700.000	0	1.500.000	3.218.525	-17.956.520	191.462.005	198.608.417		7.146.412	103,7%
02365	Borgarholtsskóli	969.000.000	0	14.316.500	61.070.087	32.526.079	1.076.912.666	1.045.102.490	31.810.176		97,0%
02367	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	233.500.000	0	1.868.200	7.747.812	-4.121.590	238.994.422	236.542.983	2.451.439		99,0%
02368	Menntaskóli Borgarfjarðar	170.300.000	0	2.400.000	5.125.159	1.544.322	179.369.481	185.669.481		6.300.000	103,5%
02370	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	191.400.000	0	1.200.000	51.307.147	2.006.594	245.913.741	290.931.910		45.018.169	118,3%
02372	Menntaskólinn á Tröllaskaga	180.300.000	0	3.600.000	11.966.207	14.297.723	210.163.930	218.059.792		7.895.862	103,8%
02430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	101.500.000	4.500.000	1.100.000	0	-5.826.476	101.273.524	101.457.882		184.358	100,2%
02441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	223.800.000	0	0	0	0	223.800.000	223.800.000			100,0%
02451	Framhaldsfræðsla	1.363.900.000	0	200.000	-45.500.000	11.476.231	1.330.076.231	1.328.613.454	1.462.777		99,9%
